



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi
Erindi nr. B 139/582
1. 12. 2010

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 01 des 2010

NMSI 2010.100

Landupplýsingalög - umsögn

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis f.h. umhverfisnefndar, 11. nóvember 2010 varðandi álit Náttúruminjasafns Íslands á frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga.

Náttúruminjasafn Íslands fagnar þessum lögum og mælir með samþykki þeirra. Landupplýsingar eru mjög mikilvægar í nútímasamfélagi og full ástæða til að hafa lög og reglur skýrar og greinilegar.

Náttúruminjasafnið vill benda á tvö atriði sem vert er að skerpa á í frumvarpinu:

- A) Í 3.grein lið 2 er skilgreining á hvað landupplýsingar eru. Mælt er með að setningin verði: *Gögn og upplýsingar sem tengdar eru yfirborði jarðar, beint eða óbeint, hvort heldur með hnitum (lengd, breidd og hæð) eða aukenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.* **Skýring:** Mörg fyrirbrigði liggja annað hvort neðan eða ofan við yfirborð jarðar og er vísað í þau með hnitum á yfirborði. Um getur verið að ræða upptök jaðrskjálfta, námur, borholur, ský, fugla, loftsteina eða annað. Þá er oft spurning um úthöfin hvort sjávarborð eða hafsbötn telst vera yfirborð jarðar og mætti ítreka við hvort sé miðað. Hnit á yfirborði eru oft táknuð með x og y en með því að bæta z við sem tákni fyrir fjarlægð frá yfirborði (+ eða -) má ná yfir flestöll fyrirbrigði.
- B) Í 8.grein er fjallað um sameiginleg not gagna og skulu opinberar stofnanir skiptist á gögnum til að auka notkun landupplýsinga. Mælt er eindregið með að þegar um opinberar stofnanir er að ræða og gögn eru ekki notuð í viðskiptalegum tilgangi **þá flytjist gögn milli opinberra aðila án endurgjalds.** Eðilegt er að séu gögn notuð til að vinna verkefni sem greitt er fyrir af þriðja aðila þá komi endurgjald fyrir þá notkun til þess aðila sem „á“ gögnin. Tilgangur laganna er að auka nýtingu landupplýsinga og það hefur löngum heft slíka notkun að endurgjald er mörgum stofnunum ríkisins um megn, einkum þeim sem ekki geta velt kostnaði yfir á þriðja aðila, Náttúruminjasafnið er t.d. slíkur aðili sem þarf að nota landupplýsingar en mun ekki geta greitt fyrir þær.

Með kveðju
Dr. Helgi Torfason, safnstjóri

Náttúruminjasafn Íslands
heto@nmsi.is

Náttúruminjasafn Íslands, Brynjólfsgata 5, 107 Reykjavík